



Viðstaddir

17.10.2023

Páll B. Guðmundsson

PBG SSH

15239

Ómar Einarsson

ÓE ÍTR

Fundarritari

Þorvaldur Daníelsson

ÞD Form Skíðasvæðanna

EKS / einar@vso.is

Magnús Árnason

MÁ Skíðasvæðin

Guðmundur Sverrisson

GS Hafnarfjörður

Einar K. Stefánsson

EKS VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

Ásthildur Helgadóttir

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 17.10.2023 kl. 09:15.

1 Síðasta fundargerð

Síðasta fundargerð samþykkt.

2 Fjárhagsstaða og framkvæmdaáætlanir

EKS fór yfir stöðu fjárhagslega stöðu verkefnisins:

- Áætlun fyrir 2023 sem gerð var í mars hljóðar upp á alls 1.287 m.kr, sem er um 33.5 m.kr lægri en samningur SSH segir til um.
- Samanteknið reikningar sem farið hafa um hendur EKS eru nú alls 1.102 m.kr. Gróflega áætlaðar eftirstöðvar eru 135-145 m.kr þ.a. árið stefnir í að enda 40-50 m.kr. undir áætlun.
 - ⇒ Fyrirvari er gerður vegna óvissu um kostnað Veitna vegna nýrra spenna og umlagningu rafkerfa. Þá á eftir að samlesa reikningayfirlit EKS við innbókaðan kostnað í kerfi Rvk.

Unnið er í áætlanagerð næstu ára á vettvangi samstarfsnefndar um rekstur Skíðasvæðanna. Áætla er að engar framkvæmdir verði í gangi á næsta ári, en unnið verður áfram að áætlanagerð og undirbúningi framkvæmda í Skálafelli.

Vegagerðin hefur unnið að hönnun endurbóta á aðkomuvegi í Skálafelli. Útboð framkvæmda er áætlað í febrúar-mars 2024.

- ⇒ PBG mun áframsenda erindi frá Vg til MÁ og EKS sem munu rýna hönnun/áætlanir og fylgja verkefninu eftir, þ.m.t. hugsanlegri bílastæðagerð.

3 Snjóframleiðsla 1. áfangi

Útivistu er að mestu lokið - aðeins eftir að loka skurðum kringum tengistaði lagna/rafmagns á botnsvæði, jaðarfrágangur forðalóns, snyrting vinnusvæðis o.fl.

Næstu 2-3 vikur verður unnið að uppsetningu spenna/rafbúnaðar Veitna og spennusetningu nýs rafkerfis, auk uppsetningar á tæknibúnaði/stýringum snjóframleiðslukerfisins o.fl. Að því loknu hefst fylling forðalóns og samhliða því prófanir kerfisins, þjálfun/kennsla starfsmanna o.fl.

- ⇒ Áætlað er að verkinu gæti verið lokið um eða fljótlega eftir miðjan nóvember.

Tilboð RSFS í grunnvatnsborun var 97.7 m.kr. Í samráði við fageftirlit ÍSOR var tekin ákvörðun um að bora dýpra en áætlað var, auk þess sem tjón varð þegar borinn festist við lok borunar. Endanlegt uppgjör til RSFS með magnaukningum og aukaverkum vegna tjónsins var 107.5 m.kr. Að auki mun koma reikningur frá Landhelgisgæslunni fyrir vinnu við að sprengja borinn lausan, áætlað 1.0 m.kr.

Í útboðsgögnum var ekki gert ráð fyrir girðingu umhverfis forðalón og stefnt að ákvörðun um afmörkun þegar landmótun og jaðarfrágangur lónsins færi að skýrast. Lónið er utan skíðasvæðisins og „varið“ af verkstæðisbyggingunum, en þó er ekki hægt að útiloka almenna umferð í næsta nágreppi lónsins. Þá er vélsleðaumferð á svæðinu allnokkur, þrátt fyrir skiltun um bann. Af þessum sökum er talin er ástæða til að afmarka lónið með létttri girðingu. Unnið er að öflun tilboða og er áætlaður kostnaður 2-5 m.kr.

⇒ EKS mun gera stutt minnisblað um málið og bera undir stýrihóp.

Hliðarrými við stjórnstöð/dælustöð snjóframleiðslu er spennarými ætlað fyrir nýja spenna Veitna á svæðinu og er kostnaður við byggingu húsnæðisins greiddur gegnum verkefnið. Veitur munu greiða fyrir afnot húsnæðisins skv. sérstökum samningi þar um, sem venjulega rennur til húseiganda.

⇒ EKS falið að finna leið til þess að greiðslan fari inn á verkefnið með sama hætti og kostnaður við bygginguna, t.d. sem frádráttarliður á reikningum Veitna fyrir heimtaugar o.fl.

4 Bláfjöll. Víxla/opnun

Stefnt er að formlegri víxlu Gosa, Drottningar og snjóframleiðslukerfanna á mánudegi eða föstudegi í fyrstu tveim vikum desember.

- ⇒ MÁ mun gera tillögu að dagsetningu m.v. aðstæður og veðurspá með 4-5 daga fyrirvara.
- ⇒ PBG hugleiðir lista yfir boðsgesti.
- ⇒ EKS mun upplýsa Doppelmayer og TechnoAlpin um þessar áætlanir.

5 Næsti fundur

Stefnt er að næsta fundi þri 28.11 kl. 09:00.

PBG boðar fundinn.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn